

From: Anna María Elíasdóttir <annae@hafnarfjordur.is>

Sent: þriðjudagur, 23. mars 2021 15:57

To: Garðabær <gardabaer@gardabaer.is>

Cc: Subject: Skipulags- og byggingarráð - 731 - Tilkynning um afgreiðslu máls

Á fundi skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar dags. 23.3.2021 var eftirfarandi tekið fyrir og afgreiðsla þess var:

1510326 - Herjólfsbraut, tenging við Álftanesveg

Lagt fram minnisblað Eflu verkfræðistofu dags. 17.03.2021 vegna umferðartalningar í Norðurbæ vegna lokunar gamla Álftanesvegar.

Skipulags- og byggingarráð ítrekar mótmæli sín vegna lokunar Gamla Álftanesvegar við Herjólfsbraut. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar, íbúar í Norðurbæ og í Hleinahverfi og Garðapryði hafa mótmælt lokuninni harðlega. Minnisblað EFLU sýnir með skýrum hætti umferðaraukningu í íbúðarhverfum eftir lokun vegarins. Skipulags- og byggingarráð skorar á bæjaryfirvöld í Garðabæ að endurskoða ákvörðun sína um lokun vegarins. Skipulags- og byggingarráð samþykkir að minnisblað EFLU verði kynnt íbúum og að þar verði einnig kynntar mögulegar mótvægisáðgerðir sem gætu verið:

- a) Lokun frá Herjólfsbraut inn á Heiðvang
- b) Skjólvangur gerður að lokaðri götu, lokað við Herjólfsbraut
- c) Lokað á alla umferð úr Garðabæ inn í Hafnarfjörð um Herjólfsbraut
- d) Allt ofangreint

Ofangreint tilkynnist hér með

Anna María Elíasdóttir
skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Norðurbæ 2
annae@hafnarfjordur.is